# Tungumálatorgið

## Þekkingarmiðja og upplýsingavefur

Sigurbjörg Jóhannesdóttir
Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir

# Verkefnið

## Hvað?

- Þekkingarmiðja og upplýsingavefur.
- Stuðningur við íslenskunám, tungumálanám og fjölmenningu með upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samskiptum um netið.

## Af hverju?

- Til að koma í veg fyrir tvíverknað, spara fjármuni, auka aðgengi að hagnýtu stoðefni, efla kennara í starfi og umfram allt tryggja nemendum þann jöfnuð sem þeir eiga rétt á.

# Hvers vegna?

- **Íslensk málstefna**, 2009.
- **Horft til framtíðar. Stefnumótun og aðgerðaáætlun í málefnum innflytjenda.** Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. 2009.
- **Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda**, 2009.
- **Reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku,** 2009.
- **Lög um grunnskóla**, 2008.
- **Lög um framhaldsskóla**, 2008.
- **Netríkið Ísland 2008-2012.** Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið, 2008.
- **Íslenska með hreim er líka íslenska**: greinargerð verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga: staða verkefnis í maí 2008.
- **Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda**, 2008.
- **Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda**, 2007.
- **Reykjavík fjölmenningarborg barna**, 2007.
- **Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska,** 2007.
- **Aðalnámskrá framhaldsskóla: Íslenska,** 1999.

# Fyrir hverja?

- Á Íslandi eru í kringum 270 leikskólar, 180 grunnskólar, 30 framhaldsskólar og fjölmargir aðilar er sinna fullorðinsfræðslu í um 90 sveitarfélögum.

- Á hverjum tíma eru jafnframt mörg þúsund íslensk börn búsett erlendis sem gætu haft gagn af stuðningi í gegnum Tungumálatorgið.

- Viðfangsefnið tengist menntun kennara.

# Í hnotskurn

**TUNGUMÁLATORG SKÓLANNA**

**MARKHÓPUR**

Kennarar, foreldrar og nemendur (nýbúar, snúbúar og Íslendingar erlendis)

**VERKÞÆTTIR**

Upplýsingaöflun og framsetning efnis. Ráðgjöf og kennsla/samskipti.

**AFRAKSTUR**

**Efnisvefur**
Upplýsingum um fyrirliggjandi efni til íslenskunáms og kennslu miðlað á merkingarbæran hátt.

**Ráðgjafarvefur**
Fjölbreyttar stoðir fyrir fjölmenningarlegan skóla (nám, kennsla, ráðgjöf og upplýsingamiðlun).

**Netnámsvefur**
Margvísleg viðfangsefni til sjálfsnáms í íslensku (byggð á fyrirliggjandi efni). Kennari er tengiliður við nemendur.

# Hverjir koma að verkefninu?

- Tungumálatorgið er samstarfsverkefni í mótun sem hefur tengsl við fjölmarga aðila.
- Eftirtaldir aðilar hafa á einn eða annan hátt komið að hugmyndavinnu og mótun verkefnisins:
  - Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Menntasvið og Leikskólasvið Reykjavíkurborgar, Fjölmenningarsetur Vestfjarða, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Kvasir, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarafélag Reykjavíkur, Tungumálaver í Laugalækjarskóla, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða...
- Verkefnið er hefur aðstöðu í Tungumálaveri í Laugalækjarskóla.
- Styrkir frá Menntamálaráðuneytinu.
- Nefnd um Tungumálatorgið starfar að mótun og fyrirkomulagi verkefnisins.

# Hverju er byggt á?

- Lögð er rík áhersla á að byggja á þeim stoðum sem fyrir eru og tryggja miðlun og ráðgjöf sem nýtist þvert á sveitarfélög og stjórnsýslustig.
- Efni og kennslufræðilíkön fyrir kennsluráðgjöf og nám á neti verða endurnýtt (m.a. úr Tungumálaveri í Laugalækjarskóla, Íslenskuskólanum á netinu).
- Gagnlegar netlausnir nýttar (t.d. lausnir sem þegar eru í notkun og annar frjáls og opinn hugbúnaður).
- Upplýsingar verða sóttar til margra aðila (til dæmis fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, kennsluráðgjafa og kennara vítt og breitt um landið).




http://fjolvaki.mcc.is

**Veldu markhóp:**

- 19 **Byrjendur**
- 9 **Lengra komnir**
- 22 **Lengst komnir**
- 16 **Margir flokkar**
- 11 **Nýtist sem brú yfir í almennt nám**
- 81 **Óflokkað**

**Veldu form:**

- 80 **Bækur o.fl.**
- 35 **Efni á vef**
- 14 **Margmiðlunarefni**
- 2 **Myndbönd**
- 27 **Ýmislegt (spil, ítarefni o.fl.)**

**Hér á síðunni er vísað á efni til íslenskukennslu.**



**Listi yfir erlenda útgefendur námsefnis**

1.

## Að skrifa rétt!




Markmiðið með verkefnunum er að þjálfa nemendur í að lesa og stafsetja texta. Þau henta einnig vel til málörvunar. Á vefnum er hægt að velja um verkefni með átta smábókum, þ.e. *Leynifélagið Skúmur, Læstur inni, Úti að aka, Á spani, Á strönd, Í gjótu, Í lofti og Hjá risaeðlu.*

Verkefnin skiptast í þrjá hluta:
Horfa og skrifa (af skrift), muna og skrifa (sóknarskrift) og hlusta og skrifa (skrifa eftir upplestri).

Einkum fyrir yngstastig og miðstig.

Heimild:
Námsgagnastofnun
Google nams.is

| Efni á vef

2.

## Af stað – kennslubók í íslensku fyrir byrjendur (2003)

Ýmis verkefni sem æfa málskilning, málfræði og orðaforða t.d. krossgátur, samtöl og leikir. Valdir kaflar henta byrjendum en aðrir lengra komnum.

1 Kennsluhefti –156 s. teikningar í lit
Fullorðnir nemendur í íslenskunámi. Er ætluð byrjendum.

Höf. Birna Arnbjörnsdóttir, Ingibjörg Hafstað og Helga Guðrún Loftsdóttir. Reykjavík. Fjölmenning.
Grunnefni

Heimild:
Frá starfshópi um námsefnisgerð, Námsefnisflokkun Fjölmenningarseturs
Google Gegnir

| Bækur o.fl.

| Hugmyndafræði | Tenging hugmyndafræðinnar við netnámið í Tungumálaveri |
|---|---|
| **Nemendasjálfstæði** | Áhersla á sjálfstæði nemandans, að efla trú hans/hennar á sjálfa(n) sig, temja sér góðar og hollar vinnuvenjur. Sveigjanleiki í efnisvali, aðferðum og útfærslu. |
| **Tjáskiptaaðferðin í tungumálakennslu** | Áhersla á alla færniþætti: *Hlusta, lesa, samtalsþjálfun, segja frá og ritun* á forsendum hvers nemanda. |
| **Sjálfsábyrgð með leiðarbók og portfolio** | Áhersla á námsaðferðir, sjálfsmat, leiðarbók (logg) og möppu (portfolio). Nemendur færa leiðarbók, ígrunda og meta stöðu sína og meta eigin verkefni og vinnuframlag og meta verkefni og vinnuframlag annarra nemenda. |
| **Hugsmíðahyggja** | Áhersla á reynslu, þekkingu og áhugasvið nemenda. Nemendur ákveða sjálfir sjónarhorn, útfærslu og kynningarform. Nemendur stjórna þróun verkefnisins. |
| **Þemabundin verkefni**<br>**Lausnarleitarnám**<br>**Ferilritun** | Áhersla á projekt og þemavinnu. Settur er upp ytri rammi með mörgum verkefnum sem veita nálgun á efnið frá ýmsum sjónarhornum. Eða lítil rannsóknarverkefni sem hefur inntak og birtingu eftir því hver reynsla og nemenda er eða hvernig heimurinn er á hverjum tíma. |
| **Fjölþrepa einstaklingsnám** | Áhersla á að netnámið sé einstaklingsmiðað nám. Efni, leiðbeiningar og samskipti aðlagað að hverjum nemanda. Kennari einbeitir sér að einum nemanda í einu. Tæki og tól miðuð við þarfir nemenda og verkefna. |
| **Einstaklingsmiðað námsumhverfi** | Námsumhverfið er rafrænt. Námsefnið er sveigjanlegt. Allt efni er sérvalið eða sérsamið og síbreytilegt og við notum aðallega raunefni af vefsíðum. |

# Framkvæmd

| Færniþættir | Tæki og tól |
|---|---|
| Hlustun | Youtube.com, fréttir á vefmiðlum, hljóðskrár lagðar út á vefsíður, símatímar með kennara |
| Munnleg þjálfun | Síminn, Skype, Audacity, Mp3 skrár, videoskrár, youtube,... |
| Lestur | Netið, t-póstur, spjallrásir (Skype), samfélagssíður. . . |
| Ritun | T-póstur, blogg, spjallrásir, samfélagssíður, efni fyrir netið. . . |
| Hópvinna | Wiki-síður, Twinspace, Facebook, Google docs, blogg. . . |
| Eftirfylgd – tékk | Quia, Hot-potatoes, Google spread sheets. . . |
| Nemendasjálfstæði | Leiðarbækur: blogg, Picasa, eigin síður og fleira *Brynhildur Anna* |

# Lokaorð

Einstaklingar sem ráða yfir góðri og fjölbreyttri tungumálakunnáttu búa yfir miklum og gagnlegum auði fyrir samfélagið.

Tungumálatorg skólanna getur gagnast fjölmörgum aðilum er tengjast íslensku skólakerfi.

Það getur komið í veg fyrir tvíverknað, rofið faglega einangrun kennara og samlegðaráhrif/sparnaður getur orðið verulegur.

Verkefnið getur eflt skólastarf, stuðlað að velferð og virkni nýrra þjóðfélagsþegna og styrkt í leiðinni innviði samfélagsins.